

SKÝRSLA UM FLUGSLYS

(sbr. lög nr. 35/2004 um rannsókn flugslysa)

M-01711/AIG-14

**TF-FUN
American Champion 7ECA
Á Reykjavíkurlflugvelli
6. ágúst 2011**



Markmið flugslysarannsókna er að greina orsakabætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og stuðla að því að öryggi í flugi megi aukast. Tilgangurinn er ekki að skipta sök og/eða ábyrgð. Skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargagn í opinberum málum, en rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys er óháð rannsókn flugslysa samkvæmt lögum nr. 35/2004 um rannsókn flugslysa.

1. HELSTU STAÐREYNDIR

Staður og tími	
Staðsetning:	Akbraut „Golf“ á Reykjavíkflugvelli (BIRK)
Dagsetning:	6. ágúst 2011
Tími¹:	kl. 13:40

Lofffarið	
Tegund:	American Champion 7ECA (Citabria)
Skrásetning:	TF-FUN, skráð sem lítil flugvél (Small aeroplane)
Framleiðsluár:	1995
Raðnúmer:	1356-95
Hreyflar:	Einn, 115 hestafla Lycoming 0-235- bulluhreyfill
Lofthæfiskírteini:	Í gildi

Aðrar upplýsingar	
Tegund flugs:	Einkaflug
Fjöldi um borð:	Einn
Meiðsl:	Engin
Skemmdir:	Lofskrúfan bognaði, hreyfillinn og hliðarstýrið skemmdust
Atvikslýsing:	Flugvélin fór fram yfir sig og loftskrúfan fór í jörðina

Flugkennari									
Aldur, kyn:	19 ára karlmaður								
Skírteini:	Handhafi PPL/A skírteinis, útgefið af Flugmálastjórn Íslands. Skírteinið var í gildi								
Áritanir:	SE piston (land)								
Heilbrigðisvottorð:	Í gildi								
Reynsla:	<table border="1"><tbody><tr><td>Heildartími:</td><td>250 stundir</td></tr><tr><td>Heildartími á tegund:</td><td>75 stundir</td></tr><tr><td>Síðustu 90 dagar:</td><td>19 stundir</td></tr><tr><td>Síðustu 24 tímar:</td><td>0 stundir</td></tr></tbody></table>	Heildartími:	250 stundir	Heildartími á tegund:	75 stundir	Síðustu 90 dagar:	19 stundir	Síðustu 24 tímar:	0 stundir
Heildartími:	250 stundir								
Heildartími á tegund:	75 stundir								
Síðustu 90 dagar:	19 stundir								
Síðustu 24 tímar:	0 stundir								

Þann 6. ágúst 2011 hugðist flugmaður fara í flug í nágrenni Reykjavíkur á flugvélinni TF-FUN sem er tveggja sæta eins hreyfils stélhjólflugvél af gerðinni American Champion 7ECA.

Eftir hefðbundinn undirbúning ræsti flugmaðurinn hreyfilinn og óskaði eftir heimild frá flugturninum á Reykjavíkflugvelli til að aka í reynslustöðu. TF-FUN var

¹ Allir tímar í skýrslunni eru staðartími (UTC) ef annað er ekki tekið fram.

staðsett í Fluggörðum og gaf flugturninn flugmanninum heimild til að aka eftir akbraut „Golf“ í reynslustöðu við flugskýli fjögur.

Eftir að hafa mótttekið akstursheimildina frá flugturninum ók flugmaður TF-FUN sem leið lá eftir akbraut „Golf“ í átt að flugskýli fjögur. Að sögn flugmannsins skoðaði hann gátlista flugvélarinnar á meðan akstrinum stóð til að undirbúa sig fyrir flugið. Þegar hann var kominn nokkurn spöl eftir akbrautinni sá flugmaðurinn að ljós fyrir geislahlið á akbrautinni var rautt þar sem hann hafði gleymt að opna hliðið með þar til ætlaðri fjarstýringu. Var hann þá kominn alveg að geislahliðinu og steig því á bremsurnar til að stöðva flugvélin. Við það stöðvaðist flugvélin snögglega og fór fram yfir sig þannig að loftskrúfan fór í jörðina. Eftir óhappið stöðvaði flugmaðurinn hreyfilinn, ýtti flugvélinni til baka eftir akbrautinni og kom henni fyrir á hlaði í Fluggörðum. Flugmaðurinn hafði svo samband við umráðanda flugvélarinnar sem tilkynnti slysið til Rannsóknarnefndar flugslysa (RNF).

Fluggarðar eru utan öryggissvæðis Reykjavíkurflugvallar og eru aðskildir flugvellinum með girðingu. Hlið er á girðingunni á akbraut „Golf“ sem liggur á milli Fluggarða og flugvallarins. Flugmenn sem aka um akbraut „Golf“ verða að opna hliðið með sérstökum fjarstýringum sem úthlutað er til þeirra sem þess óska og fengið hafa aðgangsheimild að flugvellinum. Hliðið er svokallað geislahlið sem virkar þannig að ljósgeislum er beint yfir akbrautina að sérstökum nemum.



Rautt ljós logar á umferðaljósum sem gefur til kynna að hliðið er virkt eða lokað eins og það er kallað en grænt ljós þegar hliðið er opið (geislahliðið er á milli umferðaljósanna á myndinni hér fyrir ofan). Ef ekið er í gegnum hliðið á rauðu ljósi rofna ljósgeislarnir með þeim afleiðingum að viðvörðunarljós kvikna og sírenur fara í

gang. Jafnframt eru send boð til slökkviliðs flugvallarins sem þá kannar hvort einhver óviðkomandi hafi farið inn á öryggissvæðið án heimildar.

Flugvélin TF-FUN er stélhjólflugvél en þær eru vandmeðfarnari í landingu, flugtaki og akstri en nefhjólflugvélar. Við rannsókn RNF fannst ekkert athugavert við stjórnþæki eða hemla flugvélarinnar.

Það er álit RNF að orsök slyssins hafi verið sú að flugmaðurinn hafi ekki verið fullkomlega með hugann við aksturinn þar sem hann var að skoða gátlistann. Þegar flugmaðurinn áttaði sig á því að hann var að aka gegn rauðu ljósi hemlaði hann of ákveðið þannig að flugvélin fór fram yfir sig.

2. TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT

Engar

Reykjavík 3. nóvember 2011

Rannsóknarnefnd flugslysa